

Kæru félagsmenn í Félagi eldri borgara Hveragerði.


Nú er loksins búið að opna fyrir skráningu í kerfinu Sportabler á námskeið á vegum félagsins, sem við höfðum reiknað með að hefja þann 13.9. Það kemur þó vonandi ekki að sök því við höfum alla vikuna til að skrá og það verður aðstoð á skrifstofu félagsins í Þorlákssætri kl. 13-15 þessa 5 virku daga fyrir þá sem þess þurfa.

Fyrst skal þess getið að það á enginn að greiða félagsgjöld nema aðeins þeir sem eru að ganga í félagið rétt núna. Félagsgjöld eru greidd í marsmánuði, eftir aðalfund, svo það er ekki verið að innheimta félagsgjöld eldri félaga núna.

En þessi skref takið þið til að skrá ykkur á námskeið:

Fyrsta skref er að fara inn á **www.hvera.net** þar sjáið þið neðarlega á heimasíðu hnapp sem heitir **Sportabler**

Smellt er á **Innskrá í Sportabler** sem er uppi í hægra horni



Þá birtist svona gluggi og hægt er að stofna aðgang með rafrænum skilríkjum / auðkennisappi eða netfangi.

Halló! Veldu auðkenningarleið til að halda áfram

Rafræn skilríki / Auðkennisapp

eða

Netfang

Ef smellt er á „Netfang“ þá er smellt á **Stofna aðgang** neðst

### Innskrá með netfangi

Vinsamlegast sláðu inn netfangið þitt að neðan

Netfang

Lykilorð



[Gleymt lykilorð?](#)

Innskrá

eða

Stofna aðgang

Til þess að kaupa námskeið inn í vefverslun:

- ✓ Þið sjáið aðeins þau námskeið sem eru í boði hverju sinni.
- ✓ Farið inn í „sjá valmöguleika“ og þar er hægt að velja námskeið og ganga frá pöntun.

Gangi ykkur vel.

Bestu kveðjur,

Sigurlín